

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir vegna endómetríósu.

Frá Diljá Mist Einarsdóttir.

1. Hversu margar aðgerðir vegna endómetríósu hafa verið framkvæmdar á Landspítalanum frá 1. desember 2022? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum.
2. Hversu margar aðgerðir vegna endómetríósu hafa verið framkvæmdar hjá einkaaðilum hér á landi frá 1. desember 2022? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum.
3. Hver var meðalkostnaður aðgerða vegna endómetríósu á Landspítalanum á fyrrgreindu tímabili?
4. Hver var meðalkostnaður aðgerða vegna endómetríósu hjá einkaaðilum á fyrrgreindu tímabili?

Skriflegt svar óskast.